

Launakjör félagsmanna í Verzlunarmannafélagi Reykjavíkur árið 2003

Könnun unnin fyrir Verzlunarmannafélag Reykjavíkur

September 2003

Umsjón:

Andrea G. Dofradóttir

Eva Heiða Önnudóttir

Friðrik H. Jónsson

Kristjana Stella Blöndal

Ævar Þórólfsson

FRAMKVÆMD OG HEIMTUR.....	3
ENDURSPEGLA SVARENDUR FÉLAGSMENN VR?	3
FORSENDUR LAUNAGREININGAR	4
ÚRVINNSLA	4
HELSTU NIÐURSTÖÐUR	6
SKÝRINGAR Á LAUNATÖFLUM.....	7
LAUNAUPLÝSINGARNAR ERU SETTAR FRAM Á FERNAN HÁTT.	10
LESID ÚR LAUNATÖFLUM - DÆMI	11
NIÐURSTÖÐUR Í LAUNATÖFLUM	12
LAUN EFTIR STARFSSTÉTT - LAUNATAFLA 1	12
LAUN EFTIR BAKGRUNNSPÁTTUM INNAN STARFSSTÉTTAR - LAUNATÖFLUR 2 OG 3.....	12
LAUN EFTIR ATVINNUGREIN - LAUNATAFLA 4	13
SAMANBURÐUR VIÐ SÍÐUSTU LAUNAKÖNNUN VR – LAUNATAFLA 1	14
BAKGRUNNSUPLÝSINGAR.....	44
AÐRAR LAUNAUPLÝSINGAR.....	52
LAUN EFTIR MENNTUN OG ALDRI	52
ÝMIS STARFS- OG LAUNAKJÖR	54
VINNUTÍMI FÓLKS Í FULLU STARFI	54
VINNUTÍMI AFTUR AÐ LENGJAST?.....	55
FYRIRKOMULAG Á YFIRVINNU.....	55
BÍLASTYRKUR – ALLIR SVARENDUR.....	56
LAUNAKRÖFUR	58
SÁTT VIÐ LAUN.....	58
LAUNAKRÖFUR - STARFSFÓLK Í 100% STARFI	59
LAUNAMUNUR KYNJANNA	61
LAUNAMUNUR KYNJANNA – STARFSFÓLK Í FULLU STARFI	61
LÍKAMSRÆKT, HEIMATILBÚNAR MÁLTÍÐIR, ÞÁTTTAKA Í FÉLAGSLÍFI Á YNGRI ÁRUM OG SNYRTIMENNSKA.....	62
LÍKAMSRÆKT	62
HEIMATILBÚNAR MÁLTÍÐIR	62
AÐ KOMA VEL FYRIR	63
ÞÁTTTAKA Í FÉLAGSLÍFI Í SKÓLA	64

VIÐAUKI I – VIKMÖRK LAUNATAFLNA 1, 4 og 7-29.

VIÐAUKI II – SPURNINGALISTINN.

Framkvæmd og heimtur

Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands gerði póstkönnun meðal félagsmanna Verzlunarmannafélags Reykjavíkur í febrúar árið 2003 að beiðni VR og er þetta í fimmta skiptið sem slík könnun er gerð fyrir félagið.

Markmið könnunarinnar var að athuga launakjör félagsmanna VR. Sá hópur sem könnunin náði til var skilgreindur út frá tilteknum viðmiðum. Í könnuninni var miðað við þá félagsmenn sem höfðu a.m.k. 65.000 krónur í tekjur í október 2002. Þeir sem uppfylltu þessi skilyrði fengu könnunina senda í pósti og voru svarendur beðnir um að miða svör sín við launaseðil 1. febrúar 2003, þ.e. laun fyrir janúar 2003. Þetta er sá hópur sem ætlunin er að álykta um út frá niðurstöðum launagreiningarinnar. Lágmarksupphæðin, 65.000 kr., var ákveðin til að sleppa þeim VR-félögum sem eru í mjög lágu starfshlutfalli og því ekki lýsandi fyrir flesta félagsmenn VR. Markmiðið með því að skilgreina heildarhópin með þessum hætti, var að ná til fólks sem er á mánaðarlaunum og lítur á sig sem VR-félaga (kjarnafélagsmenn). Þessi viðmið eru sambærileg við þau sem notuð hafa verið í undanförunum launakönnunum VR.

Þátttakendur áttu þess kost að svara könnuninni skriflega og senda í pósti til Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands eða að svara könnuninni á Netinu og senda svör sín með rafrænum hætti. Alls bárust 4.263 svör, þ.e. frá 32,1% þýðisins. Þar af bárust 3.115 spurningalistar með pósti og 1.148 svör um Netið. Sautján listar voru ekki nothæfir til úrvinnslu og var því unnið með svör 4.246 manns, þ.e. 32,0% þýðisins. Mikilvægt er að hafa í huga að hér er um svörun úr þýði að ræða en ekki úrtaki, þ.e.a.s. spurningalistinn var sendur til allra þeirra sem uppfylltu framangreind skilyrði, ekki bara ákveðins brots af heildarhópnum líkt og gert er þegar tilviljunarúrtak er tekið.

Vegna góðrar samsvörunar á milli svarendahópsins og heildarhópsins og vegna mikils fjölda svara má gera ráð fyrir að niðurstöður gefi góða mynd af launum VR-félaga. Þessi fjöldi svara gerir einnig kleift að greina launaupplýsingar eftir starfsheitum, atvinnugreinum og starfsheitum innan atvinnugreina.

Endurspegla svarendur félagsmenn VR?

Samanburður var gerður á skiptingu eftir aldri, kyni og atvinnugrein í svarendahópnum og heildarhópnum (þýðinu). Samanburður á aldursskiptingu í heildarhópnum og svarendahópnum leiddi í ljós að svörun hjá yngsta hópnum (17 til 20 ára) var heldur verri en hjá öðrum aldurshópum. Aðeins 1,6% svarenda er á því aldursbili en í úrtakinu var hlutfall fólks á þessum aldri 3,2%. Ekki er ólíklegt að skýringin á þessu sé sú að yngsta starfsfólkið er frekar í óreglubundnu starfi en það eldra og lítur því síður á sig sem virka VR-félaga.

Áhrif þessa á skiptingu eftir atvinnugrein eru þau að svörun í matvöruverslunum og stórmörkuðum er minni en stærð atvinnugreinarinnar segir til um, þar sem ungt starfsfólk er aðallega að finna í þeirri atvinnugrein. Í fyrri launakönnunum VR hefur þessi aldurshópur einnig verið sá sem síst svarar. Þessi könnun er því sambærileg við fyrri launakannanir í þessu efni.

Borin voru saman heildarlaun svarenda samkvæmt launakönnuninni og heildarlaun samkvæmt greiddum félagsgjöldum til VR, miðað við starfsfólk sem greiddi að minnsta kosti 650 krónur í félagsgjöld. Meðalheildarlaun samkvæmt könnuninni voru í fullu samræmi við heildarlaun samkvæmt félagsgjöldum og gefur það mjög sterka vísbendingu um áreiðanleika niðurstaðnanna.

Forsendur launagreiningar

Í greiningu á launum var miðað við þá sem eru í 70% starfi eða meira. Laun þeirra sem eru í 70-99% starfi voru reiknuð upp miðað við 100% starf. Ástæðan fyrir því að launagreiningin byggist á þessum hópi er sú að fyrri rannsóknir benda til þess að því lægra sem starfshlutfall fólks er því lægri eru grunnlaun þess hlutfallslega.

Eftir því sem meðaltal launa byggist á fleiri svörum því áreiðanlegri eru upplýsingarnar. Í heildartöflunum (launatöflum 1 til 6) er því að finna nákvæmari upplýsingar um laun en í launatöflum 8 til 29. Í launatöflu 7 er að finna upplýsingar um árslaun 2002. Launaupplýsingar eru ekki birtar þegar svarendur eru færri en 10 í launatöflum 1-7 og færri en fjórir í launatöflum 8-29. Mikilvægt er að hafa í huga að þegar svarendur eru innan við 10 gefa upplýsingarnar frekar vísbendingu um laun en beina viðmiðun.

Þegar þeim svarendum var sleppt úr greiningunni sem voru í minna en 70% starfshlutfalli og þeim sem gáfu ekki fullnægjandi launaupplýsingar, var hægt að greina launatölur frá 86% svarenda eða 3661 manns.

Úrvinnsla

Fyrir launatölur í launatöflunum voru reiknuð vikmörk sem sett eru fram í Viðauka 1. Þau segja til um með hve mikilli vissu má draga ályktanir út frá niðurstöðunum. Ef meðaltöl skarast ekki samkvæmt vikmörkum má gera ráð fyrir mun á meðallaunum í heildarhópi VR-félagsmanna miðað við 95% öryggismörk.

Dæmi: Hag- og viðskiptafræðingar voru að meðaltali með 351 þús. krónur í heildarlaun á mánuði (vikmörk: +/-22,7). Út frá vikmörkunum má gera ráð fyrir að hag- og viðskiptafræðingar í VR séu með á bilinu 328-374 þús. kr. að meðaltali í heildarlaun á mánuði (351 þús. kr +/- 22,7 þús. kr.). Verk-, tölvunar- og kerfisfræðingar voru að meðaltali með 365 þúsund krónur á mánuði í heildarlaun (vikmörk: +/-17,6). Út frá

vikmörkunum má álykta að verk,- tölvunar- og kerfisfræðingar í VR séu með á bilinu 347-383 þús. krónur að meðaltali í heildarlaun á mánuði (365 þús. kr. +/-17,6 þús. kr.). Þar sem vikmörk þessara tveggja hópa skarast (neðri mörk meðalheildarlauna verk-, tölvunar- og kerfisfræðinga skarast við efri mörk meðalheildarlauna hag- og viðskiptafræðinga) er ekki tölfræðilega marktækur munur á meðalheildarlaunum þessara starfsstétta.

Í marktektarútreikningum fyrir meðaltöl var einnig notast við t-próf, dreifigreiningu (*Anova*) og fjölbreytudreifigreiningu (*Fanova*). Kí-kvaðrat próf var notað til að meta hvort munur á hlutföllum væri tölfræðilega marktækur. Í greiningu á launamun kynjanna var notast við aðhvarfsgreiningu.

Helstu niðurstöður

- Meðal yfirflokka starfsstétta eru meðallaun hæst hjá stjórnendum og sérfræðingum (grunnlaun: 285 þús. krónur/heildarlaun 316 þús. krónur)(sjá launatöflu 1).
- Misjafnt er eftir starfsstéttum hvort meðalgrunnlaun hafa hækkað frá síðustu launakönnun VR (í október 2001). Mest hafa grunnlaun hækkað um 22% og meðalhækkun er 10%.
- Meiri menntun skilar sér í hærri launum (sjá bls. 52).
- Karlar eru með hærri laun en konur á öllum menntunarstigum.
- Meðalvinnutími starfsfólks á viku hækkar örlítið frá því í síðustu launakönnun VR eftir að hafa lækkað milli kannananna sem voru gerðar árin 2000 og 2001. Árið 2001 var meðalvinnutími á viku meðal starfsfólks í fullu starfi 42,7 klst. (+/-0,2) en er nú 43,2 klst. (+/-0,2).
- 44% svarenda fá yfirvinnu greidda að fullu og tæplega 12% að hluta. Yfirvinnan er innifalin í launum hjá tæplega 29% svarenda og um 10% vinna ekki yfirvinnu.
- Þeir sem hafa stýstan starfsaldur (5 ár eða færri) eru að meðaltali með lægri laun en þeir sem hafa lengri starfsaldur.
- Að jafnaði eru greidd hærri laun í stærri fyrirtækjum (10 starfsmenn eða fleiri) en í þeim smærri (færri en 10 starfsmenn). Þetta á bæði við um grunnlaun og heildarlaun.
- Þrátt fyrir að laun starfsfólks í 70-99% starfshlutfalli hafi verið reiknuð upp miðað við 100% starf er fólk í fullu starfi að jafnaði með hærri heildarlaun (263 þús. að meðaltali) en fólk í 70-99% starfshlutfalli (226 þús. að meðaltali).
- Launagreining eftir atvinnugreinum leiðir í ljós að hæst laun eru greidd í fyrirtækjum sem sérhæfa sig í fjármálum, tölvuþjónustu og annarri sérhæfðri þjónustu (grunnlaun 265 þús./heildarlaun 296 þús.) (sjá launatöflu 4).
- Meðal starfsfólks í fullu starfi eru karlar að meðaltali með 22% hærri heildarlaun en konur. Samkvæmt launakönnun VR frá árinu 2001 var þessi munur 24,5%.
- Þegar tekið er tillit til starfsstéttar, lengd vinnutíma, starfsaldurs og aldurs hafa karlar að meðaltali 14% hærri heildarlaun en konur. Þessi munur var 16% samkvæmt launakönnun VR frá árinu 2001.
- Um 60% svarenda segjast vera segjast vera sátt við launin sín. Meðal yngstu svarendanna eru hins vegar 50% ósátt við launin sín.
- Karlar fara fram á hlutfallslega meiri hækkun en konur, eða 21% á móti 18% Konur vilja að jafnaði 258 þús. kr. í grunnlaun en karlar 310 þús. kr.

Skýringar á launatöflum

Í launatöflunum eru launaupplýsingar greindar eftir starfsstétt og atvinnugrein. Við skiptingu í starfsstétt og atvinnugrein var stuðst við starfaflokkun Hagstofu Íslands annars vegar (sjá Íslensk starfaflokkun, Ístarf 95, 1994)¹ og atvinnugreinaflokkun Hagstofu Íslands hins vegar (sjá Íslensk atvinnugreinaflokkun, Ísat 95, 1994)². Nokkuð var brugðið frá yfirflokkun Hagstofunnar á stöku stað. Annars vegar var atvinnugreinum eða starfsheitum slegið saman vegna fárra svara eða skipt upp vegna mikils fjölda svara. Þá eru heiti sumra atvinnugreina ekki alveg þau sömu og hjá Hagstofunni en reynt var að hafa heitin eins lýsandi og hægt var fyrir atvinnugreinarnar sem falla undir hvern flokk.

Í eftirfarandi töflu má sjá skiptingu í starfsstéttir, yfirflokka og hvaða starfsstéttir falla undir hvern þeirra.

Starfsstétt

Stjórnendur og sérfræðingar	Skrifstofufólk
Hærri stjórnendur	Almennir ritarar og lækningaritarar
Deildarstjórar	Bókhaldsritarar og innheimtufulltrúar
Sölu-, markaðs- og verslunarstjórar	Önnur almenn skrifstofustörf
Aðrir millistjórnendur	Skrifstofufólk við afgreiðslu
Verk-, tölvunar- og kerfisfræðingar	Gjaldkerar, innheimtustörf
Hagfræði- og viðskiptafræðingar	Símavarsla
Aðrir háskólamenntaðir sérfræðingar	Önnur skrifstofustörf við afgreiðslu/gestamóttöku
Sérhæft starfsfólk og tæknar	Sölu- og afgreiðslufólk
Bókhalds-, fjármála- og launafulltrúar	Sérhæfð sölustörf
Sölu-, innkaupa- og markaðsfulltrúar	Almenn sölustörf
Ferðafræðingar	Símsala
Sérhæfing v. trygginga/tjónauppgjör	Afgreiðslufólk á kassa
Lyfjatæknar	Afgreiðsla á matvöru
Umbrots- og grafiðstörf, tækniteiknarar	Afgreiðsla á sérvöru
Fræðslu- og upplýsingafulltrúar	Gæslu-, lager- og framleiðslustörf
Þjónustufulltrúar/fulltrúar	Öryggis-/húsvarsla og mötuneyti
Annað sérhæft starfsfólk	Framleiðsla og þökkun
	Lagerstörf, útkeyrsla og ræsting

Eftirfarandi listi inniheldur þá atvinnugreinaflokka sem notaðir voru og lýsingu í grófum dráttum á þeirri starfsemi sem fellur undir hvern flokk. Í greiningu á launum eftir starfsstétt innan hvernar atvinnugreinar var nokkrum atvinnugreinum slegið saman vegna fárra svara, eins og fyrr segir. Matvöruverslanir og sölurnar voru þannig flokkaðar með stórmörkuðum, heilbrigðis- og félagsþjónusta með starfsemi samtaka og félaga og hótél og veitingarekstur með flutningaþjónustu og ferðaskrifstofum ásamt samgöngum á sjó og landi.

¹ Íslensk starfaflokkun, Ístarf 95 (1994) Reykjavík: Hagstofa Íslands

² Íslensk atvinnugreinaflokkun, Ísat 95 (1994) Reykjavík: Hagstofa Íslands

Atvinnugrein

Iðnaður:	Heildsala (umboðssala) og bílasala:
Matvæla- og drykkjariðnaður: - Vinnsla og framleiðsla matvæla og drykkja - Bakarí Útgáfustarfsemi og prentiðnaður: - Bóka-, blaða- og tímaritaútgáfa - Prentsmiðjur - Fjölföldun myndefnis, tölvuefnis o.þ.h. Efnaiðnaður og framleiðsla málma, véla og plasts: - Efnaiðnaður, gúmmí- og plastvöruframleiðsla - Gler-, leir- og steinefnaiðnaður - Framleiðsla málma - Málmsmíði og -viðgerðir - Vélsmíði og vélaviðgerðir - Framleiðsla og viðgerðir annarra ótalinna rafmagnsvéla og -tækja - Framleiðsla á lækningatækjum, mæli- og rannsóknartækjum, úrum o.fl. - Framleiðsla vélknúinna ökutækja annarra en vélhjóla - Framleiðsla annarra farartækja Ýmis iðnaður og framleiðsla í sjávarútvegi / landbúnaði: - Landbúnaður og dýraveiðar - Fiskveiðar - Námugróftur og vinnsla annarra hráefna úr jörðu - Textíliðnaður - Fataiðnaður - Leðuriðnaður - Trjáiðnaður - Pappírsiðnaður - Húsgagnaiðnaður - Skartgripasmíði - Hljóðfærasmíði - Sportvöruagerð - Leikfangagerð - Endurvinnsla Byggingastarsemi og mannvirkjagerð: - Húsbyggingar - Niðurrif bygginga - Lagnavinna - Uppsetning innréttinga - Málningarvinna og glerjun	Sala og viðgerðir á bílum; bensínstöðvar: - Bílasölur - Bílaviðgerðir - Sala vara- og fylgihluta í bíla - Bifreiðaskoðun - Bensínstöðvar Heildverslun með matvæli: Umboðs- og heildverslanir með matvöru, drykkjarvöru og tóbak: - Umboðs- og heildverslanir með matvöru, drykkjarvöru og tóbak Heildverslun með lyf, heimilisvarning og fatnað: - Heildverslanir með lyf og lækningavörur - Heildverslanir með fatnað og varning til heimilisnota - Heildverslanir með ilmvatn og snyrtivörur - Heildverslanir með bækur, blöð og ritföng - Heildverslanir með leikföng - Heildverslanir með blóm og plöntur - Heildverslanir með korn, fræ og dýrafóður Heildverslun með eldsneyti, málma, timbur og iðnvarning: - Heildverslanir með vélar og tæki - Umboðsverslanir með eldsneyti, málmgryti, málma og efnavöru - Umboðsverslanir með timbur og byggingarefni - Umboðsverslanir með vélar og vélbúnað Smásala: Stórmarkaðir, matvöruverslanir, söluturnar: - Kjörbúðir - Nýlenduverslanir - Önnur blönduð smásala - Smásala með matvöru, drykkjarvöru og tóbaki í sérsverslunum - Söluturnar - Myndbandaleigur Bygginga- og járnvöruverslanir: - Smásala með járnvöru, byggingarvöru, málningu og gler Smásala með lyf, hjúkrunar- og snyrtivörur: - Smásala með hjúkrunarvörur - Smásala með lyf - Smásala með snyrtivörur

Smásala með heimilisvarning, fatnað og sérvöru:

- Fataverslanir
- Skó- og leðurvöruverslanir
- Bóka- og ritfangaverslanir
- Skartgripaverslanir
- Gjafavöruverslanir
- Sportvöruverslanir
- Leikfangaverslanir
- Blómaverslanir
- Vefnaðarvöruverslanir
- Smásala með vörum til heimilisnota
- Smásala með heimilistæki
- Viðgerðir á hlutum til einka- og heimilisnota

Smásala með tölvur og skrifstofubúnað:

- Smásala með tölvur, skrifstofuvélar, síma og fjarskiptabúnað

Samgöngur, flutningar og ferðaþjónusta:**Hótel- og veitingahús, ferðaskrifstofur, flutningar og samgöngur á sjó og landi:**

- Hótel
- Matsölustaðir
- Skemmtistaðir
- Mötuneyti og sala á tilbúnum mat
- Flutningsþjónusta
- Flutningsmiðlun
- Vöruafgreiðsla og vöruheymsla
- Rekstur ferðaskrifstofa og ferðaþjónusta
- Boðberaþjónusta
- Bílaleigur
- Akstur strætisvagna og áætlunarbíla
- Akstur leigubíla
- Vöruflutningar á vegum
- Millilandasiglingar

Flugsamgöngur:

- Áætlunarflug

Fjármál, tölvuþjónusta og önnur sérhæfð þjónusta:**Tölvuþjónusta og fjarskipti:**

- Tölvuþjónusta
- Síma- og póstþjónusta

Fjármálastarfsemi, tryggingar og lífeyrissjóðir:

- Peningastofnanir og fjármálaþjónusta
- Starfsemi váttryggingafélaga og lífeyrissjóða
- Starfsemi tengd fjármálaþjónustu
- Sala og rekstur fasteigna
- Leigumiðlanir

Sérhæfð þjónusta:

- Lögræðiþjónusta
- Rekstarráðgjöf
- Endurskoðenda- og bókhaldsþjónusta
- Verkfræði- og arkitektþjónusta
- Rannsóknþjónusta
- Auglýsingastarfsemi
- Bifreiðaskráning
- Upplýsinga- og ráðgjafaþjónusta

Ýmis þjónusta og starfsemi samtaka og félaga:**Ýmis opinber og persónuleg þjónusta, m.a.****heilbrigðis- og félagsþjónusta:**

- Öryggis- og ræstingarfyrirtæki
- Hárgreiðslu- og snyrtistofur
- Þvottahús og efnalaugar
- Sorpeyðing og ýmis opinber þjónusta
- Sjúkrahúsrekstur
- Heilsugæsla og starfsemi lækna
- Félagsþjónusta með dvöl á stofnun eða heimili
- Starfsemi trúfélaga

Starfsemi samtaka og félaga:

- Starfsemi fagfélaga
- Starfsemi stéttarfélaga

Tómstunda-, íþrótt-, og menningarstarfsemi:

- Gerð, dreifing og sýningar á kvikmyndum og myndböndum
- Starfsemi listamanna
- Starfsemi útvarps- og sjónvarpsstöðva
- Starfsemi bóka- og skjalasafna
- Skólar/menntastofnanir
- Heilsuræktarstöðvar

Launaupplýsingarnar eru settar fram á farnan hátt.

- Í töflu 1 eru launaupplýsingar greindar eftir **starfsstétt**.
- Í töflu 4 eru launaupplýsingar greindar eftir **atvinnugrein**.
- Í töflum 2, 3, 5 og 6 eru launaupplýsingarnar greindar eftir **kyni**, **starfsaldri**, **stærð fyrirtækis** og **starfshlutfalli**, annars vegar eftir starfsstétt (töflur 2 og 3) og hins vegar eftir atvinnugrein (töflur 5 og 6). Í töflum 2 og 5 eru upplýsingarnar greindar eftir **grunnlaunum** og í töflum 3 og 6 eftir **heildarlaunum**.
- Í töflu 7 er að finna upplýsingar um árslaun 2002 eftir **starfsstétt**.
- Í töflum 8 til 29 eru launaupplýsingar greindar eftir **starfsstétt** innan hvernar **atvinnugreinar**.

Töflur 1, 4 og 8 til 29 eru allar byggðar upp á sama hátt og gefa eftirfarandi upplýsingar.

Hér eru gefnar upplýsingar um meðalvinnutíma starfsfólks í **100 % starfi**. Átt er við unnar klukkustundir á viku, hvort sem greitt var fyrir yfirvinnu eða ekki.

Grunnlaun/föst mánaðarlaun = Hrein mánaðarlaun

Heildarlaun =
Hrein mánaðarlaun/föst mánaðarlaun +
breytilegar aukagreiðslur

Laun á mánuði í þús. kr.												
				Grunnlaun/föst mánaðarlaun				Heildarlaun				
	Fjöldi	klst. á viku í fullu starfi	% breyting grunnlauna frá síðustu VR könnun	Meðaltal	25% mörk	Miðtala	75% mörk	Meðaltal	25% mörk	Miðtala	75% mörk	Meðallaun á klst.
Allir	3548	43	10	231	175	217	275	259	196	243	304	1.407
Sérhæft starfsfólk og tæknar	891	42	10	222	185	214	255	248	203	238	282	1.376
Bókhalds-, fjármála- og launfulltrúar	243	42	14	243	210	237	279	269	219	258	305	1.480
Sölu-, innkaupa- og markaðsfulltrúar	247	42	9	224	189	218	260	252	206	244	285	1.382
Ferðafræðingar	59	39	11	184	166	186	197	206	180	200	227	1.179

Í launatöflunum er fjöldi miðaður við þann fjölda svarenda sem gaf upplýsingar um heildarlaun.

VR gerði sambærilega launakönnun við þá sem hér er kynnt, í október árið 2001. Þar sem starfsstéttir voru sambærilegar var reiknuð hlutfallsleg breyting launa á tímabilinu.

Heildarlaun ÷ unnar klukkustundir

Lesið úr launatöflum - Dæmi

Í eftirfarandi sýnishorni sem tekið er úr launatöflu 1 má sjá dæmi um meðalgrunnlaun og meðalheildarlaun mismunandi starfsstétta. Í efstu línunni má sjá niðurstöður fyrir alla svarendur.

Miðtala fyrir grunn- og heildarlaun sýnir þá tölu sem helmingur svarenda liggur fyrir neðan og helmingur fyrir ofan. Til dæmis má sjá í töflunni hér að framan að helmingur bókhalds, fjármála- og launafulltrúa er með hærri grunnlaun en 237 þús. kr. og helmingur með lægri grunnlaun en 237 þús. kr. Sá fjórðungur starfsstéttarinnar sem er með lægst grunnlaun er með undir 210 þús. kr. á mánuði og sá fjórðungur sem er með hæstu launin er með yfir 279 þús. kr. á mánuði. Þegar litið er á vinnutíma má sjá að bókhalds-, fjármála- og launafulltrúar unnu að jafnaði 42 klst. á viku og eru þeir að jafnaði með 1.480 kr. í laun fyrir hverja unna klst.

Þegar meðaltalið er hærra en miðtalan sýnir það að launadreifingin er með þeim hætti að tiltölulega fámennur hópur fólks hefur há laun miðað við hópinn í heild en það dregur meðaltalið upp miðað við miðtöluna. Þessi munur er óverulegur í dæminu hér að framan, bæði hvað varðar grunnlaun og heildarlaun.

Niðurstöður í launatöflum

Laun eftir starfsstétt - Launatafla 1

Greining á launum eftir yfirflokkum starfsstétta leiddi í ljós að meðallaun eru hæst hjá stjórnendum og sérfræðingum (grunnlaun: 285 þús. krónur/heildarlaun 316 þús. krónur)($p < 0,05$)³. Næsthæst eru meðallaun á meðal sérhæfðs starfsfólks og tækna (grunnlaun: 222 þús. krónur/heildarlaun 248 þús. krónur) ($p < 0,05$). Þá er skrifstofufólk með mun hærri grunnlaun (198 þús. krónur) en skrifstofufólk við afgreiðslu, sölu- og afgreiðslufólk og starfsfólk í gæslu-, lager-, og framleiðslustörfum (163-176 þús. krónur) ($p < 0,05$), en ekki er marktækur munur á grunnlaunum þessara þriggja síðastnefndu hópa. Ekki er heldur munur á heildarlaunum skrifstofufólks, skrifstofufólks við afgreiðslu, sölu- og afgreiðslufólks og starfsfólks í gæslu-, lager og framleiðslustörfum.

Vinnutími er lengstur meðal stjórnenda og sérfræðinga, sölu- og afgreiðslufólks og meðal starfsfólks í gæslu-, lager- og framleiðslustörfum eða 44 klst. að meðaltali hjá öllum hópunum þremur ($p < 0,05$).

Stjórnendur og sérfræðingar eru með hæstu meðallaunin á klst. (1.670 kr. á klst.) og sérhæft starfsfólk og tæknar eru með næsthæstar meðalgreiðslur á klst. (1.376 kr. á klst.) ($p < 0,05$). Skrifstofufólk er einnig með mun hærri meðallaun á klst. (1.228 kr. á klst.) en sölu- og afgreiðslufólk og starfsfólk í gæslu-, lager- og framleiðslustörfum (1.063-1.124 kr. á klst.) ($p < 0,05$), en ekki er marktækur munur á meðallaunum á klst. skrifstofufólks og skrifstofufólks við afgreiðslu, né skrifstofufólks við afgreiðslu, sölu- og afgreiðslufólki og starfsfólki í gæslu-, lager- og framleiðslustörfum.

Laun eftir bakgrunnspáttum innan starfsstéttar - Launatöflur 2 og 3

Í bakgrunnsgreiningu kemur fram að karlar eru með hærri heildarlaun að meðaltali en konur í öllum starfsstéttum (launatafla 2) ($p < 0,05$). Karlar eru einnig með hærri meðalgrunnlaun en konur í öllum starfsstéttum ($p < 0,05$), nema meðal skrifstofufólks við afgreiðslu en þar var munurinn ekki marktækur (launatafla 3). Ein möguleg skýring á því hvers vegna ekki kemur fram munur á grunnlaunum karla og kvenna meðal skrifstofufólks við afgreiðslu er að mjög fáir karlmenn eru meðal svarenda úr þessari stétt.

Greining eftir starfsaldri í sambærilegu starfi leiðir í ljós að á heildina litið eru þeir sem hafa stystan starfsaldur (5 ár eða skemur) með lægri grunn- og heildarlaun en þeir sem hafa lengri starfsaldur ($p < 0,05$). Aftur á móti er ekki afgerandi munur á launum fólks með 5 til 10 ára starfsaldur og þeirra sem eru með lengri starfsaldur en 10 ár. Sambærilegur munur kemur fram þegar tekið hefur verið tillit til starfsstéttar, þ.e. þeir sem hafa lengri

³ ($p < 0,05$) þýðir að það eru minna en 5% líkur á því að munur á milli hópa sé til kominn vegna tilviljunar. M.ö.o. hægt er að segja með a.m.k. 95% öryggi að munur sé á hópunum (marktækur munur).

en 5 ára starfsaldur í sambærilegu starfi hafa mun hærri grunn- og heildarlaun en þeir sem hafa starfað í 5 ár eða skemur, óháð því hvaða starfstétt viðkomandi tilheyrir ($p < 0,05$).

Að meðaltali eru greidd hærri laun í stærri fyrirtækjum (10 starfsmenn eða fleiri) en í þeim smærri (færri en 10 starfsmenn) ($p < 0,05$). Bæði grunn- og heildarlaun stjórnenda og sérfræðinga og sölu- og afgreiðslufólks eru hærri í fyrirtækjum með 10 starfsmenn eða fleiri en í smærri fyrirtækjum ($p < 0,05$). Einnig eru heildarlaun starfsfólks í gæslu-, lager- og framleiðslustörfum hærri í stærri fyrirtækjum en í þeim smærri ($p < 0,05$). Hjá öðrum starfsstéttum er ekki munur á grunn- né heildarlaunum eftir stærð fyrirtækis. Ein skýring á því að heildarlaunin eru hærri í fyrirtækjum með 10 eða fleiri starfsmenn gæti verið sú að þar er vinnuvikan lengri.

Þegar vinnutími starfsfólks í 100% starfi er skoðaður eftir stærð fyrirtækis kemur í ljós að starfsmenn í stærri fyrirtækjum unnu að jafnaði tæplega einni og hálfri klukkustund lengur á viku en starfsmenn í smærri fyrirtækjum eða 43,4 klst. á móti 42,0 ($p < 0,05$).

Þegar laun starfsmanna í fullu starfi annars vegar og 70 til 99% starfi hins vegar eru borin saman kemur fram að fólk í fullu starfi er að jafnaði með hærri meðallaun en fólk í 70 til 99% starfshlutfalli⁴ ($p < 0,05$). Þetta má að hluta til rekja til þess að aðeins örfáir karlar eru í 70 til 99% starfi. Þar sem konur eru almennt með lægri laun en karlar skýrir það að hluta til lægri meðallaun fólks í 70 til 99% starfshlutfalli. Sambærilegur munur kemur fram þegar tekið hefur verið tillit til starfsstéttar, þ.e. þeir sem eru í 100% starfshlutfalli hafa mun hærri grunn- og heildarlaun en þeir sem eru í 70-99% starfshlutfalli, óháð því um hvaða starfstétt er að ræða ($p < 0,05$).

Laun eftir atvinnugrein - Launatafla 4

Þegar laun eru skoðuð eftir yfirflokkum atvinnugreina má sjá að laun eru að jafnaði hæst í þeim atvinnugreinum sem sérhæfa sig í fjármálum, tölvuþjónustu og annarri sérhæfðri þjónustu (grunnlaun: 265 þús. kr./heildarlaun: 296 þús. kr.) ($p < 0,05$). Í þessum yfirflokki atvinnugreina eru einnig greidd hæstu meðallaunin á klst. (1.627 kr.) ($p < 0,05$). Innan þessarar tilteknu atvinnugreinar er starfsfólk í tölvuþjónustu og fjarskiptum með hæstu heildarlaunin (326 þús. kr.), þá starfsfólk í sérhæfðri þjónustu (299 þús. kr.) en starfsfólk í fjármálastarfsemi, tryggingum og lífeyrissjóðum er með lægstu launin (275 þús. kr.) ($p < 0,05$). Einnig er starfsfólk í tölvuþjónustu og fjarskiptum með hæstu grunnlaunin í sínum flokki (303 þús. að meðaltali), einnig þegar grunnlaun eru skoðuð eftir öllum undirflokkum atvinnugreina ($p < 0,05$), þó að því undanskildu því að ekki var tölfræðilega marktækur munur á launum þeirra og starfsfólki í byggingastarfsemi og mannvirkjagerð og starfsfólki í smásölu með tölvu og skrifstofubúnað. Hafa ber í huga að nokkur fyrirtæki

⁴ Laun starfsfólks í 70 til 99% starfshlutfalli voru reiknuð upp miðað við 100% starf.

í smásölu með tölvur og skrifstofubúnað sérhæfa sig einnig í verkefnum tengdum tölvuþjónustu og fjarskiptum. Þá eru bæði grunn- og heildarlaun mun lægri í smásölu en í hinum yfirflokkum atvinnugreina, að undanskildum samgöngum, flutningum og ferðaþjónustu ($p < 0,05$).

Samanburður á vinnustundum eftir yfirflokkum atvinnugreina leiddi í ljós að starfsfólk í smásölu vann að meðaltali lengri vinnuviku (45 klst.) en starfsfólk í öðrum yfirflokkum atvinnugreina (41-44 klst.) ($p < 0,05$).

Samanburður við síðustu launakönnun VR – Launatafla 1

VR gerði sambærilega launakönnun við þá sem hér er kynnt í október 2001. Í töflu 1 má sjá hlutfallslega breytingu meðalgrunnlauna eftir starfsstétt. Samanburður á niðurstöðum þessara tveggja kannanna leiddi í ljós að misjafnt er eftir starfsstéttum hvort meðalgrunnlaun hafa hækkað. Mest hafa þau hækkað um 22% en meðalhækkun er 10%. Hækkunin er mest hjá starfsfólki í umbrots- og grafíkstörfum (22%), hærri stjórnendum (20%) og í flokknum „aðrir háskólamenntaðir sérfræðingar“ (17%). Þá hafa millistjórnendur og verk-, tölvunar- og kerfisfræðingar hækkað um 10-13%, auk þess sem bókhalds-, fjármála- og launafulltrúar og starfsfólk við framleiðslu og þökkun hefur hækkað um 14%.

Hækkun launa á milli ára virðist ekki vera hægt að rekja til fjölgunar svarenda í mismunandi menntahópum frá síðustu könnun VR árið 2001, en hlutfall svarenda með grunnskólapróf og háskólapróf er það sama og í síðustu könnun. Starfsmenntuðum hefur hins vegar fjölgað um rúm 4% og framhaldsskólamenntuðum fækkað um rúm 4%. Þar sem starfsmenntað starfsfólk hefur að jafnaði lægri grunnlaun en bæði framhaldsskóla- og háskólamenntaðir skýrir hlutfallsleg fjölgun starfsmenntaðra í hópi svarenda ekki hækkun grunnlauna.

Tafla 1. Hlutfallsleg hækkun grunnlauna milli ára eftir menntun svarenda (Starfsfólk í 70-100 % starfshlutfalli).

	Meðal grunnlaun		% hækkun milli ára
	Árið 2003	Árið 2001	
Grunnskólapróf	191	180	6%
Starfsnám	199	176	13%
Framhaldsskólanám	226	207	9%
Háskólanám	284	253	12%
Meðaltal	231	211	10%

Laun eru í þús. kr.

Launatafla 1. Laun eftir starfstétt.

Laun á mánuði í þús. kr.												
	Fjöldi	klst. á viku í fullu starfi	% breyting grunnlauna frá síðustu VR könnun	Grunnlaun/föst mánaðarlaun				Heildarlaun				Meðallaun á klst.
				Meðaltal	25% mörk	Miðtala	75% mörk	Meðaltal	25% mörk	Miðtala	75% mörk	
Allir	3548	43	10	231	175	217	275	259	196	243	304	1.407
Stjórnendur og sérfræðingar	1363	44	12	285	226	276	330	316	250	300	361	1.670
Hærrir stjórnendur	43	48	20	368	275	330	489	403	300	378	506	2.055
Deildarstjórar	190	45	10	282	218	268	340	307	244	294	360	1.599
Sölu-, markaðs- og verslunarstjórar	251	46	12	282	219	272	320	316	250	300	360	1.600
Aðrir millistjórnendur	479	44	13	267	211	259	315	294	230	282	339	1.568
Verk-, tölvunar- og kerfisfræðingar	150	43	13	329	289	320	361	365	300	340	398	1.957
Hag- og viðskiptafræðingar	87	45	3	289	242	285	340	351	263	330	400	1.827
Aðrir háskólamenntaðir sérfræðingar	163	42	17	281	240	270	320	307	250	296	347	1.694
Sérhæft starfsfólk og tæknar	891	42	10	222	185	214	255	248	203	238	282	1.376
Bókhalds-, fjármála- og launfulltrúar	243	42	14	243	210	237	279	269	219	258	305	1.480
Sölu-, innkaupa- og markaðsfulltrúar	247	42	9	224	189	218	260	252	206	244	285	1.382
Ferðafræðingar	59	39	11	184	166	186	197	206	180	200	227	1.179
Sérhæfing v. trygginga/tjónauppgjör	58	41	9	237	209	223	267	270	223	267	305	1.553
Lyfjatæknar	31	41	12	175	154	177	201	213	193	205	227	1.152
Umbrots- og grafíkstörf, tækniteiknarar	24	43	22	248	208	248	286	271	222	268	296	1.470
Fræðslu- og upplýsingafulltrúar	27	42		227	190	215	244	241	203	224	284	1.358
Þjónustufulltrúar/fulltrúar	102	40	7	206	180	207	227	227	194	217	254	1.295
Annað sérhæft starfsfólk	100	42		204	165	201	236	229	187	225	260	1.250
Skrifstofufólk	384	40	7	198	171	195	220	214	180	207	238	1.228
Almennir ritarar og lækningaritarar	82	40	4	192	170	182	218	208	172	198	228	1.203
Bókhaldsritarar og innheimtufulltrúar	158	40	7	206	180	206	225	224	190	215	254	1.290
Önnur almenn skrifstofustörf	144	41	7	193	170	191	215	206	179	200	230	1.174
Skrifstofufólk við afgreiðslu	174	41	2	176	153	172	195	198	164	188	220	1.140
Gjaldkerar, innheimtustörf	57	41	5	204	173	204	230	231	190	226	266	1.333
Símavarsla	59	39	3	161	144	160	176	176	155	172	195	1.044
Önnur skrifst.s. við afgreiðslu/gestamótt.	58	42	10	165	150	169	185	187	165	183	206	1.055
Sölu- og afgreiðslufólk	436	44	2	175	132	166	213	210	160	198	250	1.124
Sérhæfð sölustörf	204	44	3	206	170	200	238	243	191	239	280	1.311
Almenn sölustörf	89	45	3	154	121	151	175	192	150	175	231	988
Símsala	13	42		182	152	188	209	228	165	200	255	1.275
Afgreiðslufólk á kassa	30	45	-4	113	96	106	140	152	116	151	179	813
Afgreiðsla á matvöru	25	49	6	144	114	132	156	172	127	153	205	840
Afgreiðsla á sérvöru	75	45	12	147	123	141	160	175	145	164	201	941
Gæslu-, lager- og framleiðslustörf	274	44	8	163	135	160	186	201	170	198	235	1.064
Öryggis-/húsvarsla og mótuneyti	34	43	3	162	128	158	193	202	160	201	233	1.088
Framleiðsla og þökkun	32	42	14	161	130	152	185	190	144	183	214	1.049
Lagerstörf, útkeyrsla og ræsting	208	45	9	164	139	161	186	203	172	200	237	1.062

Launatafla 2. Grunnlaun eftir bakgrunnspáttum - innan starfsstéttar.

Meðalgrunnlaun í þús. kr.

	Eftir kyni		Eftir starfsaldri			Eftir stærð fyrirtækis		Eftir starfshlutfalli	
	Karlar	Konur	5 ár eða skemur	5,1-10 ár	10,1 ár eða lengur	Færri en 10 starfsm.	10 eða fleiri starfsm.	70-99%	100%
Allir	255	216	222	241	241	216	234	205	234
Stjórnendur og sérfræðingar	303	267	277	292	295	258	289	272	286
Hærri stjórnendur	423	299	308		428	304	458		377
Deildarstjórar	301	264	278	294	283		284		284
Sölu-, markaðs- og verslunarstjórar	298	252	282	284	284	252	288		282
Aðrir millistjórnendur	279	257	261	267	275	233	273	261	267
Verk-, tölvunar- og kerfisfræðingar	332	325	310	352	351		328		329
Hag- og viðskiptafræðingar	303	277	275	317	326		289		291
Aðrir háskólamenntaðir sérfræðingar	299	274	275	292	295	268	284	296	280
Sérhæft starfsfólk og tæknar	237	216	212	226	234	216	223	211	223
Bókhalds-, fjármála- og launfulltrúar	289	237	229	241	251	232	244	239	243
Sölu-, innkaupa- og markaðsfulltrúar	233	216	214	227	241	233	223	213	225
Ferðafræðingar		185	181	190	187		181	190	183
Sérhæfing v. trygginga/tjónauppgjör	250	228	210	251	244		237		236
Lyfjatæknar		178	176	178			178	159	186
Umbrots- og grafíkstörf, tækniteiknara	242		229	267			256		248
Fræðslu- og upplýsingafulltrúar		220	234				236		227
Þjónustufulltrúar/fulltrúar	225	202	204	219	209		204		205
Annað sérhæft starfsfólk	218	195	207	201	197	165	210	174	207
Skrifstofufólk	221	197	190	205	206	197	199	197	199
Almennir ritara og lækna-ritara		192	179	201	202	185	194	183	193
Bókhaldsritara og innheimtufulltrúar		205	199	212	210	204	207	210	206
Önnur almenn skrifstofustörf	216	190	187	199	203	204	192	190	194
Skrifstofufólk við afgreiðslu	195	175	171	171	186	188	175	180	175
Gjaldkerar, innheimtustörf		199	190		215		204	192	207
Símavarsla		162	166	162	153		161	163	161
Önnur skrifst.s. við afgreiðslu/gestamótt.		166	159	165	176		163		163
Sölu- og afgreiðslufólk	206	153	165	182	192	160	179	147	180
Sérhæfð sölustörf	224	185	197	210	220	196	208	174	211
Almenn sölustörf	184	134	149	148	172	134	160		157
Símsala							187		182
Afgreiðslufólk á kassa		109	111				114		114
Afgreiðsla á matvöru		124		148			142		148
Afgreiðsla á sérvöru	165	140	140	146	154	148	146	139	150
Gæslu-, lager- og framleiðslustörf	169	147	159	176	163	166	163	137	165
Öryggis-/húsvarsla og mótuneyti	176	146	164	138			171		166
Framleiðsla og þökkun	170	151	158				165		166
Lagerstörf, útkeyrsla og ræsting	168	146	159	183	165	182	162		164

Launatafla 3. Heildarlaun eftir bakgrunnspáttum - innan starfsstéttar.

	Eftir kyni		Eftir starfsaldri			Eftir stærð fyrirtækis		Eftir starfshlutfalli	
	Karlar	Konur	5 ár eða skemur	5,1-10 ár	10,1 ár eða lengur	Færri en 10 starfsm.	10 eða fleiri starfsm.	70-99%	100%
Allir	294	238	248	271	272	239	263	226	263
Stjórnendur og sérfræðingar	342	291	305	327	329	286	321	286	318
Hærri stjórnendur	450	344	325		476	339	491		414
Deildarstjórar	332	284	301	318	308		308		309
Sölu-, markaðs- og verslunarstjórar	334	284	321	319	315	280	323		317
Aðrir millistjórnendur	317	276	283	302	300	255	301	268	295
Verk-, tölvunar- og kerfisfræðingar	375	341	328	390	435		366		367
Hag- og viðskiptafræðingar	375	331	332	405	387		352		356
Aðrir háskólamenntaðir sérfræðingar	337	294	295	313	360	302	308	316	306
Sérhæft starfsfólk og tæknar	272	239	237	253	261	238	250	238	250
Bókhalds-, fjármála- og launfulltrúar	312	264	254	265	279	252	272	259	271
Sölu-, innkaupa- og markaðsfulltrúar	268	234	243	253	271	253	252	236	253
Ferðafræðingar		207	198	208	216		202	213	204
Sérhæfing v. trygginga/tjónauppgjör	304	245	247	297	269		270		270
Lyfjatæknar		216	203				214	210	214
Umbrots- og grafíkstörf, tækniteiknará	275		253				278		271
Fræðslu- og upplýsingafulltrúar		229	252				252		242
Þjónustufulltrúar/fulltrúar	254	223	227	233	225		225	232	227
Annað sérhæft starfsfólk	249	216	227	240	227	190	235	216	231
Skrifstofufólk	234	212	205	220	222	213	214	210	214
Almennir ritarar og lækna-ritarar		208	195	226	216	194	214	203	209
Bókhaldsritarar og innheimtufulltrúar		222	216	229	228	226	223	221	224
Önnur almenn skrifstofustörf	224	204	199	205	218	225	204	202	206
Skrifstofufólk við afgreiðslu	252	194	193	198	205	204	197	196	198
Gjaldkerar, innheimtustörf		223	233		233		232	221	234
Símavarsla		175	173	180	178		176	171	177
Önnur skrifst.s. við afgreiðslu/gestamótt.		185	183	194	190		185		186
Sölu- og afgreiðslufólk	251	179	196	222	233	186	215	182	216
Sérhæfð sölustörf	269	210	227	257	258	224	246	205	248
Almenn sölustörf	232	164	185	184	225	158	201	174	195
Símsala							237		211
Afgreiðslufólk á kassa		147	151				157		153
Afgreiðsla á matvöru	215	143	143				166		177
Afgreiðsla á sérvöru	199	166	170	169	184	171	176	166	179
Gæslu-, lager- og framleiðslustörf	214	168	195	208	212	183	204	162	203
Öryggis-/húsvarsla og mótuneyti	223	169	206				212		203
Framleiðsla og þökkun	205	172	187				197		198
Lagerstörf, útkeyrsla og ræsting	214	166	195	219	212	194	204		204

Launatafla 4. Laun eftir atvinnugrein.

Laun á mánuði í þús. kr.

	Fjöldi	klst. á viku í fullu starfi	Grunnlaun/föst mánaðarlaun				Heildarlaun				Meðallaun á klst.
			Meðaltal	25% mörk	Miðtala	75% mörk	Meðaltal	25% mörk	Miðtala	75% mörk	
Allir	3548	43	231	175	217	275	259	196	243	304	1.407
Iðnaður	452	43	228	174	212	270	254	191	240	300	1.392
Matvæla- og drykkjariðnaður	127	43	207	160	190	248	230	180	226	265	1.267
Útgáfustarfsemi og prentiðnaður	147	43	232	181	223	264	261	200	246	300	1.434
Efnaiðnaður og framleiðsla málma, véla og plasts	91	44	239	179	216	286	269	191	251	320	1.428
Ýmis iðnaður og framleiðsla. í sjávarútvegi/landbúnaði	47	42	222	175	202	250	246	182	211	275	1.396
Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð	40	43	262	192	260	305	284	202	276	336	1.528
Heildsala (umboðssala) og bílasala	741	44	234	180	221	270	267	208	250	305	1.425
Sala og viðgerðir á bílum; bensínstöðvar	188	45	238	177	220	278	284	220	269	330	1.465
Heildverslun með matvæli	174	44	231	180	220	258	262	210	246	286	1.385
Heildverslun með lyf, heimilisvarning og fatnað	208	42	227	180	218	265	248	197	230	286	1.381
Heildverslun með eldsneyti, málma, timbur og iðnvarnig	171	44	242	191	234	288	277	217	260	329	1.475
Smásala	711	45	205	149	186	255	233	174	220	282	1.222
Stórmarkaðir, matvöruverslanir og sölurnar	146	47	187	123	165	245	203	135	186	250	1.028
Byggingar- og járnvöruverslanir	136	46	213	160	210	256	251	196	240	288	1.292
Smásala með lyf, hjúkrunar- og snyrtivörur	50	42	177	144	159	179	215	169	198	234	1.166
Smásala með heimilisvarning, fatnað og sérvöru	290	45	201	143	183	250	228	170	213	274	1.198
Smásala með tölvur og skrifstofubúnað	89	43	251	179	250	300	281	220	270	317	1.516
Samgöngur, flutningar og ferðapjónusta	457	42	214	171	200	250	237	186	220	276	1.301
Hótel, veitingahús, ferðaskrifstofur, flutningar og samgöngur	354	42	213	171	200	250	234	186	220	273	1.287
Flugsamgöngur	103	43	219	166	210	246	248	185	230	289	1.350
Fjármál, tölvupjónusta og önnur sérhæfð þjónustu	838	42	265	206	250	310	296	220	279	345	1.627
Tölvupjónusta og fjarskipti	185	42	303	243	309	350	326	273	316	376	1.788
Fjármálastarfsemi, tryggingar og lífeyrissjóðir	301	42	247	197	225	281	275	211	257	320	1.535
Sérhæfð þjónusta (t.d. lögræðiþj., endurskoðun, ráðgjöf og ranns.)	352	43	259	206	249	300	299	220	270	349	1.616
Ýmis þjónusta og starfsemi samtaka og félaga	328	41	224	168	207	261	246	185	230	286	1.380
Ýmis opinber og persónuleg þjónusta, m.a. heilbrigðis- og félagsþ.	123	42	202	155	173	239	228	166	219	264	1.261
Starfsemi samtaka og félaga	131	41	245	194	224	272	265	206	234	310	1.502
Tómstunda-, menningar- og menntastarfsemi	74	41	223	176	216	264	245	198	247	284	1.365

Launatafla 5. Grunnlaun eftir bakgrunnspáttum - innan atvinnugreinar.

	Meðalgrunnlaun í þús. kr.								
	Eftir kyni		Eftir starfsaldri			Eftir stærð fyrirtækis		Eftir starfshlutfalli	
	Karlar	Konur	5 ár eða skemur	5,1-10 ár	10,1 ár eða lengur	Færri en 10 starfsm.	10 eða fleiri starfsm.	70-99%	100%
Allir	255	216	222	241	241	216	234	205	234
Iðnaður	244	217	221	233	237	205	230	221	229
Matvæla- og drykkjariðnaður	220	194	207	197	214		209	153	212
Útgáfustarfsemi og prentiðnaður	258	214	223	255	242		233		231
Efnaiðnaður og framleiðsla málma, véla og plasts	259	228	229	261	237		242		239
Ýmis iðnaður og framleiðsla. í sjávarútvegi/landbúnaði	255	204	233		224	224	221		227
Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð	236	274			275		267		252
Heildsala (umboðssala) og bílasala	243	222	220	239	250	227	236	218	235
Sala og viðgerðir á bílum; bensínstöðvar	246	218	226	230	258	206	240	192	240
Heildverslun með matvæli	238	221	219	237	252	242	229		229
Heildverslun með lyf, heimilisvarning og fatnað	234	223	210	244	241	216	231	204	230
Heildverslun með eldsneyti, málma, timbur og iðnvarnig	248	227	229	247	249	242	242		243
Smásala	237	183	192	218	221	177	209	164	211
Stórmarkaðir, matvöruverslanir og söluturnar	223	171	187	193	183	146	190	134	196
Byggingar- og járnvöruverslanir	218	199	193	229	230		212		214
Smásala með lyf, hjúkrunar- og snyrtivörur		178	174	203	161		179	157	191
Smásala með heimilisvarning, fatnað og sérvöru	240	182	181	214	231	178	207	168	206
Smásala með tölvur og skrifstofubúnað	284	209	242	258	276		251		255
Samgöngur, flutningar og ferðaþjónusta	248	204	209	222	218	223	214	193	216
Hótel, veitingahús, ferðaskrifstofur, flutningar og samgöngur	242	202	207	216	222	223	212	198	214
Flugsamgöngur	288	208	217	242	208		219	186	226
Fjármál, tölvuþjónusta og önnur sérhæfð þjónusta	307	246	259	280	266	241	269	256	265
Tölvuþjónusta og fjarskipti	331	281	284	331	332	284	304	289	304
Fjármálastarfsemi, tryggingar og lífeyrissjóðir	279	234	247	246	250	233	249	245	247
Sérhæfð þjónusta (t.d. lögfræðipj., endurskoðun, ráðgjöf og ranns.)	310	243	250	272	268	238	266	246	260
Ýmis þjónusta og starfsemi samtaka og félaga	253	212	216	224	242	207	230	200	229
Ýmis opinber og persónuleg þjónusta, m.a. heilbrigðis- og félagsþ.	232	191	190	192	231	176	210	181	208
Starfsemi samtaka og félaga	275	232	236	242	265	212	261	216	250
Tómstunda-, menningar- og menntastarfsemi	250	210	218	270	208	249	216	214	225

Launatafla 6. Heildarlaun eftir bakgrunnsþáttum - innan atvinnugreinar.

	Meðalheildarlaun í þús. kr.								
	Eftir kyni		Eftir starfsaldri			Eftir stærð fyrirtækis		Eftir starfshlutfalli	
	Karlar	Konur	5 ár eða skemur	5,1-10 ár	10,1 ár eða lengur	Færri en 10 starfsm.	10 eða fleiri starfsm.	70-99%	100%
Allir	294	238	248	271	272	239	263	226	263
Iðnaður	282	235	248	262	265	232	256	232	257
Matvæla- og drykkjariðnaður	255	205	229	216	249		232	168	236
Útgáfustarfsemi og prentiðnaður	309	232	254	287	266		262	257	261
Efnaiðnaður og framleiðsla málma, véla og plasts	292	249	254	300	271		272		272
Ýmis iðnaður og framleiðsla í sjávarútvegi/landbúnaði	278	231	268		236	258	242		254
Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð	273	289			305		290		279
Heildsala (umboðssala) og bílasala	287	242	248	276	285	246	271	240	269
Sala og viðgerðir á bílum; bensínstöðvar	297	252	261	288	308	230	287	241	287
Heildverslun með matvæli	280	237	252	268	280	257	263		261
Heildverslun með lyf, heimilisvarning og fatnað	265	239	228	265	266	233	252	222	250
Heildverslun með eldsneyti, málma, timbur og iðnvarnig	292	245	260	283	286	272	278		279
Smásala	269	208	219	244	251	204	237	197	239
Stórmarkaðir, matvöruverslanir og söluturnar	245	183	200	212	202	172	206	141	212
Byggingar- og járnvöruverslanir	258	232	236	261	265		253		253
Smásala með lyf, hjúkrunar- og snyrtivörur		217	204	238	220		217	202	223
Smásala með heimilisvarning, fatnað og sérvöru	268	208	211	239	253	206	233	201	232
Smásala með tölvur og skrifstofubúnað	314	239	268	282	319		281		282
Samgöngur, flutningar og ferðaþjónusta	281	225	227	249	243	234	237	211	240
Hótel, veitingahús, ferðaskrifstofur, flutningar og samgöngur	269	222	225	243	242	234	234	217	236
Flugsamgöngur	354	232	239	267	245		248	200	258
Fjármál, tölvuþjónusta og önnur sérhæfð þjónusta	349	272	286	313	305	266	302	273	298
Tölvuþjónusta og fjarskipti	364	293	299	357	382	310	327	314	327
Fjármálastarfsemi, tryggingar og lífeyrissjóðir	321	256	270	274	284	254	278	248	277
Sérhæfð þjónusta (t.d. lögfræðiþj., endurskoðun, ráðgjöf og ranns.)	365	277	288	315	308	264	310	269	301
Ýmis þjónusta og starfsemi samtaka og félaga	289	228	240	253	258	232	252	218	252
Ýmis opinber og persónuleg þjónusta, m.a. heilbrigðis- og félagsþ.	286	204	211	231	253	201	235	199	235
Starfsemi samtaka og félaga	295	251	262	261	277	237	278	234	270
Tómstunda-, menningar- og menntastarfsemi	281	227	244	286	222	265	239	228	249

Launatafla 7. Árslaun 2002 eftir starfsstétt.

		Heildarlaun ársins 2002 í þús. kr.			
	Fjöldi	Meðaltal	25% mörk	Miðtala	75% mörk
Allir	2333	3.117	2.395	2.946	3.622
Stjórnendur og sérfræðingar	961	3.749	3.000	3.600	4.305
Hærrí stjórnendur	28	4.764	3.399	4.766	6.538
Deildarstjórnar	142	3.756	2.996	3.656	4.412
Sölu-, markaðs- og verslunarstjórnar	178	3.735	3.095	3.600	4.204
Aðrir millistjórnendur	334	3.536	2.877	3.360	4.026
Verk-, tölvunar- og kerfisfræðingar	109	4.414	3.624	4.200	5.052
Hag- og viðskiptafræðingar	62	3.921	3.348	3.774	4.396
Aðrir háskólamenntaðir sérfræðingar	108	3.394	2.804	3.307	3.835
Sérhæft starfsfólk og tæknar	591	2.923	2.407	2.836	3.385
Bókhalds-, fjármála og launafulltrúar	179	3.065	2.582	3.031	3.455
Sölu-, innkaupa- og markaðsfulltrúar	154	2.958	2.408	2.782	3.401
Ferðafræðingar	37	2.449	2.035	2.495	2.780
Sérhæfing v. trygginga/tjónauppgjör	42	3.357	2.882	3.238	3.681
Lyfjatæknar	18	2.410	2.151	2.337	2.666
Umbrots og grafíkstörf, tækniteiknarar	19	3.045	2.916	3.134	3.300
Fræðslu- og upplýsingafulltrúar	20	2.937	2.271	2.808	3.564
Þjónustufulltrúar/fulltrúar	61	2.696	2.307	2.542	3.175
Annað sérhæft starfsfólk	61	2.741	2.200	2.609	3.229
Skrifstofufólk	251	2.505	2.124	2.436	2.816
Almennir ritarar og lækningaritarar	50	2.488	2.106	2.341	2.763
Bókhaldsritarar og innheimtufulltrúar	103	2.543	2.136	2.581	2.846
Önnur almenn skrifstofustörf	98	2.475	2.126	2.424	2.853
Skrifstofufólk við afgreiðslu	104	2.359	2.021	2.296	2.638
Gjaldkerar, innheimtustörf	36	2.763	2.401	2.701	3.066
Símavarsla	34	2.066	1.776	2.092	2.351
Önnur skrifstofustörf við afgreiðslu/gestamótt.	34	2.223	2.012	2.192	2.416
Sölu- og afgreiðslufólk	242	2.573	1.954	2.438	3.071
Sérhæfð sölustörf	140	2.877	2.328	2.860	3.243
Almenn sölustörf	39	2.159	1.680	2.132	2.500
Símsala	7				
Afgreiðslufólk á kassa	11	1.860	1.428	1.918	2.028
Afgreiðsla á matvöru	14	2.168	1.684	2.014	2.555
Afgreiðsla á sérvöru	31	2.093	1.670	2.024	2.393
Gæslu-, lager- og framleiðslustörf	184	2.418	2.000	2.404	2.808
Öryggis-/húsvarsla og mótuneyti	21	2.283	1.732	2.084	2.760
Framleiðsla og pökkun	17	2.138	1.585	2.059	2.661
Lagerstörf, útkeyrsla og ræsting	146	2.470	2.096	2.470	2.826

Launatafla 8. Matvæla- og drykkjariðnaður

			Laun á mánuði í þús. kr.									
			Grunnlaun/föst mánaðarlaun				Heildarlaun					
	Fjöldi	Klst. á viku í fullu starfi	Meðaltal	25% mörk	Miðtala	75% mörk	Meðaltal	25% mörk	Miðtala	75% mörk	Meðallaun á klst.	
Matvæla- og drykkjariðnaður	127	43	207	160	190	248	230	180	226	265	1.267	
Stjórnendur og sérfræðingar	37	44	276	230	267	298	295	248	292	327	1.570	
Hærri stjórnendur	1											
Deildarstjórar	8	41	280	265	292	300	302	293	302	315	1.718	
Sölu-, markaðs- og verslunarstjórar	9	45	279	186	267	361	308	221	272	379	1.599	
Aðrir millistjórnendur	15	46	266	215	267	282	286	248	275	325	1.474	
Aðrir háskólamenntaðir sérfræðingar	4	41	242	233	241	252	242	233	241	252	1.381	
Sérhæft starfsfólk og tæknar	26	42	201	164	195	228	224	192	223	252	1.244	
Bókhalds-, fjármála- og launfulltrúar	7	41	204	160	202	230	216	165	214	234	1.218	
Sölu-, innkaupa- og markaðsfulltrúar	16	42	210	185	215	233	234	195	233	260	1.290	
Þjónustufulltrúar/fulltrúar	1											
Annað sérhæft starfsfólk	2											
Skrifstofufólk	12	39	194	171	190	195	203	172	199	210	1.218	
Almennir ritarar og lækningaritarar	2											
Bókhaldsritarar og innheimtufulltrúar	6	39	180	160	186	194	187	168	187	208	1.138	
Önnur almenn skrifstofustörf	4	38					204	162	195	255		
Skrifstofufólk við afgreiðslu	5	40	182	154	171	216	192	160	183	228	1.117	
Gjaldkerar, innheimtustörf	1											
Símavarsla	2											
Önnur skrifst.s. við afgreiðslu/gestamótt.	2											
Sölu- og afgreiðslufólk	17	43	157	116	149	186	188	132	172	238	1.093	
Sérhæfð sölustörf	5	45	181	125	183	234	208	166	216	245	1.081	
Almenn sölustörf	4	43					248	163	258	324		
Símsala	2											
Afgreiðslufólk á kassa	1											
Afgreiðsla á matvöru	4						134	116	133	154		
Afgreiðsla á sérvöru	1											
Gæslu-, lager- og framleiðslustörf	30	46	159	127	159	177	195	162	190	245	1.022	
Öryggis-/húsvarsla og mótuneyti	2											
Framleiðsla og pökkun	12	44	166	119	156	205	180	123	171	238	998	
Lagerstörf, útkeyrsla og ræsting	16	47	154	132	159	174	202	175	193	241	1.015	

Launatafla 9. Útgáfustarfsemi og prentiðnaður

Laun á mánuði í þús. kr.											
			Grunnlaun/föst mánaðarlaun				Heildarlaun				
	Fjöldi	Klst. á viku í fullu starfi	Meðaltal	25% mörk	Miðtala	75% mörk	Meðaltal	25% mörk	Miðtala	75% mörk	Meðallaun á klst.
Útgáfustarfsemi og prentiðnaður	147	43	232	181	223	264	261	200	246	300	1.434
Stjórnendur og sérfræðingar	54	43	270	227	261	300	302	241	294	342	1.634
Hærrí stjórnendur	2										
Deildarstjórnar	7	44	288	250	263	300	323	299	304	356	1.672
Sölu-, markaðs- og verslunarstjórnar	8	44	323	268	300	382	382	285	361	468	2.040
Aðrir millistjórnendur	22	42	242	209	246	272	269	228	273	309	1.491
Verk-, tölvunar- og kerfisfræðingar	5	44	307	222	301	396	354	257	368	443	1.860
Hag- og viðskiptafræðingar	1										
Aðrir háskólamenntaðir sérfræðingar	9	41	250	219	250	276	250	219	250	276	1.410
Sérhæft starfsfólk og tæknar	52	43	231	198	220	253	263	203	249	284	1.430
Bókhalds-, fjármála- og launfulltrúar	16	45	265	225	250	285	282	240	270	334	1.482
Sölu-, innkaupa- og markaðsfulltrúar	22	43	218	169	200	263	266	200	226	310	1.472
Umbrots- og grafíkstörf, tækniteiknunar	7	40	214	181	213	245	234	200	226	276	1.352
Þjónustufulltrúar/fulltrúar	2										
Annað sérhæft starfsfólk	5	48	219	208	212	233	256	231	260	278	1.288
Skrifstofufólk	15	42	192	169	193	207	203	170	193	210	1.125
Almennir ritarar og lækningaritarar	4		176	146	177	204	196	161	183	245	
Bókhaldsritarar og innheimtufulltrúar	4		212	187	207	242	214	194	207	242	1.238
Önnur almenn skrifstofustörf	7	43	190	169	186	194	199	169	186	194	1.084
Skrifstofufólk við afgreiðslu	13	39	168	153	164	178	176	155	167	194	1.075
Gjaldkerar, innheimtustörf	1										
Símvavarsla	6	35	169	158	167	182	174	160	169	193	1.178
Önnur skrifst.s. við afgreiðslu/gestamótt.	6	42	154	137	156	173	167	147	157	190	916
Sölu- og afgreiðslufólk	7	44	189	159	190	220	248	167	242	263	1.402
Sérhæfð sölustörf	4		202	160	214	231	222	179	228	258	
Almenn sölustörf	1										
Símsala	1										
Afgreiðsla á sérvöru	1										
Gæslu-, lager- og framleiðslustörf	6	43	171	151	170	185	217	195	218	238	1.128
Framleiðsla og þökkun	2										
Lagerstörf, úrkeyrsla og ræsting	4	44	164	151	163	177	206	184	207	229	1.096

Launatafla 10. Efnaiðnaður og framleiðsla málma, véla og plasts

Laun á mánuði í þús. kr.											
			Grunnlaun/föst mánaðarlaun				Heildarlaun				
